

# Listasafnið á Akureyri



## Minnisblað v/ rekstrarúttektar október 2019

Kristinn Jakob Reimarsson - sviðsstjóri samfélagssviðs

# Listasafnið á Akureyri

## Minnisblað v/ rekstrarúttektar

### Efnisyfirlit

|                                 |   |
|---------------------------------|---|
| Inngangur .....                 | 2 |
| Starfsmannahald .....           | 2 |
| Rekstur .....                   | 2 |
| - Tekjur .....                  | 3 |
| Laun og launatengd gjöld .....  | 3 |
| - Vörukaup .....                | 3 |
| - Þjónustukaup .....            | 4 |
| - Áætlun sýninga .....          | 4 |
| - Kaffihús .....                | 4 |
| - Tillögur til hagræðinga ..... | 5 |
| Lokaorð / niðurstaða: .....     | 6 |

## Inngangur

Á fundi stjórnar Akureyrarstofu þann 20. júní 2019 var farið yfir rekstrar- og aðsóknartölur að Listasafninu á Akureyri fyrir fyrstu fimm mánuði ársins. Hlynur Hallsson sat fundinn undir þessum lið. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

***Stjórn Akureyrarstofu telur mikilvægt að safnstjóri og sviðsstjóri leggi fram tillögu til stjórnar um með hvaða hætti brugðist verði við neikvæðum rekstri miðað við áætlun fyrstu fimm mánuði ársins. Þá felur stjórn safnstjóra að leggja fram minnisblað til stjórnar um framkvæmdir við safnið og verklok þannig að hægt verði að fá inn tekjur af útleigu og í framhaldinu verði fundað með sviðsstjóra umhverfis- og mannvirkjasviðs.***

Á fundi stjórnar Akureyrarstofu þann 15. ágúst sl. mætti Hlynur Hallsson safnstjóri Listasafnsins á fundinn og fór yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2019. Eftir þá yfirferð var eftirfarandi bókun samþykkt:

***Stjórn Akureyrarstofu leggur áherslu á að nú þegar verði farið í hagræðingu í rekstri Listasafnsins og stefnt verði að því að hann verði innan fjárhagsáætlunar. Stjórnin telur að þær hugmyndir sem lagðar voru fram á fundinum séu ófullnægjandi. Stjórn felur jafnframt sviðsstjóra í samvinnu við fjársýslusvið að vinna úttekt á rekstri Listasafnsins á Akureyri á yfirstandandi rekstrarári.***

Miðvikudaginn 21. ágúst áttu Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri samfélagsviðs og Karl Guðmundsson verkefnisstjóri á fjársýslusviði fund með Hlyni Hallssyni safnstjóra og Þorbjörgu Ásgeirsdóttur safnfulltrúa til að fara yfir fjárhagsstöðu safnsins og starfsmannahald.

26. ágúst funduðu Kristinn og Hlynur með Guðríði Friðriksdóttur sviðsstjóra umhverfis- og mannvirkjasviðs og Andreu Sif Hallgrímsdóttur verkefnastjóra nýframkvæmda á umhverfis- og mannvirkjasviði til að fara yfir stöðu framkvæmda og eins til að fara yfir vörukaupalið safnsins.

## Starfsmannahald

Á Listasafninu eru 8 starfsmenn í 6,25 stöðugildum. 3 til 4 starfsmenn eru í tímavinnu sem hafa sinnt afleysingum og yfirsetu í móttöku um helgar.

## Rekstur

Árið 2019 er fyrsta heila ár í rekstri nýs Listasafnsins í endurbættu og stærra húsnæði. Við gerð fjárhagsáætlunar var reynt eftir fremsta megi að taka tillit til þess hvað varðar aukið rými til sýninga, meira sýningarhald og vonir um umtalsverða aukningu í gestakomum. Eðli málsins samkvæmt er dýrara að reka stærra húsnæði og tekið var tillit til þess í áætlun hvað varðar fasta rekstrarliði eins og rafmagn, hita og ræstingu. Tekjuáætlun og áætlun sýninga virðist hins vegar ekki hafa gengið eftir. Verður nú einstaka liðum í áætluninni gerð skil.

## - Tekjur

Gert var ráð fyrir tekjum upp á rúmar 22.4 milljónir króna sem skiptist svona:

| Lykill | Liður                              | Áætlun 2019            |
|--------|------------------------------------|------------------------|
| 40230  | Veitingasala með 11% vsk           | -350.000 kr.           |
| 40240  | Fæðissala                          | -320.000 kr.           |
| 40250  | Aðgangseyrir                       | -9.000.000 kr.         |
| 40310  | Leigutekjur án vsk                 | -6.537.000 kr.         |
| 40750  | Útleiga eigin stofnana mf (án vsk) | -150.000 kr.           |
| 40860  | Framlög                            | -5.000.000 kr.         |
| 40865  | Endurgreiðslur (TR)                | -1.000.000 kr.         |
| 40990  | Aðrar tekjur (án vsk)              | -100.000 kr.           |
|        | <b>Samtals:</b>                    | <b>-22.457.000 kr.</b> |

Við framlagningu á fimm mánaða rekstrartölum varð ljóst að þessi tekjuáætlun myndi ekki standast áætlun. Áætlun vegna aðgangseyris reyndist of bjartsýn og komnir fram aðrir forsendubrestir sem skýrðust m.a. af því að gestavinnustofur safnsins komust ekki strax í leigu, ekki er enn búið að gera neðstu hæð Ketilhússins hæfa til leigu og eins hafði rekstraraðili kaffihússins ekki greitt neina leigu.

## Laun og launatengd gjöld

Þessi liður er á áætlun.

## - Vörukaup

Strax við fimm mánaða uppgjör var vörukaupaliðurinn sprunginn. Hér eru stórir liðir eins og rafmagn, hiti, áhöld og munir og rekstrarvörur. Það voru einkum fjórir liðir sem sprengdu vörukaupaliðinn.

| Lyklar                         | 3. mán.          | 5. mán.          | 8.mán            | Áætlun           | Endursk.         |
|--------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| 52810 Áhöld og munir           | 1.000.695        | 1.730.057        | 2.312.679        | 500.000          | 1.521.519        |
| 52850 Tölvur og prentarar      | 158.020          | 158.020          | 158.020          | 60.000           | 180.000          |
| 52910 Rekstrarvörur            | 233.582          | 475.526          | 583.692          | 350.000          | 1.000.000        |
| 52990 Vörukaup, önnur          | 303.968          | 515.220          | 496.841          | 600.000          | 700.000          |
| <b>Samtals:</b>                | <b>1.696.265</b> | <b>2.878.823</b> | <b>3.551.232</b> | <b>1.510.000</b> | <b>3.401.519</b> |
| <b>Vörukaupaliðir samtals:</b> | <b>2.600.206</b> | <b>4.707.361</b> | <b>6.892.295</b> | <b>4.720.000</b> | <b>8.542.358</b> |

Reglulegir útgjaldaliðir hér undir eru rafmagn, hiti og hreinlætisvörur. Miðað við mánaðarleg jöfn útgjöld á þessum liðum munu þeir fara rúmar 162.000 kr. fram úr endurskoðaðri áætlun.

Undir liðnum 52810 áhöld og munir er búið að fjárfesta í búnaði fyrir 2.312.679 kr. og af því er stofnbúnaður u.þ.b. 1.500.000 kr. og mun umhverfis- og mannvirkjasvið (UMSA) greiða þann kostnað af stofnstyrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sem lagar stöðuna nokkuð. Undir þessum lið var einnig keyptur búnaður fyrir rúmar 100.000 kr. eftir að safnið tók yfir rekstur á kaffihúsinu.

## - Þjónustukaup

Við fimm mánaða uppgjör voru þjónustukaup komin í 47,2% af upphaflegri áætlun. Í ljós kom að búið var að hækka húsaleigu fasteignafélags og eins innri lausafjárleigu verulega frá því sem gert var ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2019. Ástæða þess er sú að eftir að UMSA lauk við húsaleiguáætlun í byrjun september 2018 vegna fjárhagsáætlunar 2019 var keypt umtalsvert af stofnbúnaði fyrir safnið sem hækkaði leiguna sem ekki var tekið með í reikninginn þegar fjárhagsáætlun var samþykkt í nóvember 2018.

Húsaleiga var áætluð 87.384.000 kr. en verður tæpar 88.500.000 kr. á þessu ári.


Lausafjárlega vegna stofnbúnaðar var áætluð 5.547.000 kr. en verður rúmar 8.700.000 kr. á þessu ári.

Hækkun er því um rúmar 4.1 milljónir. Þetta skekkir því myndina verulega og lagt er til að það verði lagfært með gerð viðauka.

Hér er einnig vert að segja frá því að undir þessum lykli eru þrjár reikningar frá fyrrum rekstraraðila kaffihússins upp á 465.000 kr. sem Listasafnið greiddi honum fyrir afgreiðslu í móttöku safnsins. Undir lykli *54960 Risna og móttaka gesta* eru einnig færðar veitingar sem Listasafnið keypti af rekstraraðilanum fyrir 763.555 kr. vegna opnun sýninga. Viðskipti samtals; 1.228.555 kr. Einnig eru undir þjónustukaupum verktakalaun upp á tæpar 3 milljónir vegna reksturs á kaffihúsinu nú í sumar eftir að rekstrarðilinn hætti starfsemi í lok maí og safnið sjálf sá um reksturinn. Þeim rekstri var svo hætt í lok ágúst.

## - Áætlun sýninga

Í Listasafninu eru 12 sýningarrými með svölum. Á þessu ári eru 18 sýningar, misstórar og mislangar. Nú er hægt að sjá stöðuna á sýningarhaldinu miðað við 11 sýningar. Af þessum 11 sýningum hafa 9 þeirra farið fram úr áætlun. (sjá mynd).



Fyrstu 11 sýningar ársins eru komnar samtals 3 milljónir fram úr áætlun.

## - Kaffihús

Eins og áður hefur komið fram hættu rekstraraðilar kaffihússins rekstri í lok maí. Í útkeyrslu bókhalds eftir 8 mánuði má sjá hver kostnaður safnsins hefur verið vegna kaffihússins.

| Rekstrarliðir                          | Upphæð               |
|--|----------------------|
| <b>Tekjur</b>                          |                      |
| 40230 Veitingasala (með 11% vsk)       | -1.212.089 kr.       |
| <b>Vörukaup</b>                        |                      |
| 52310 Vörukaup til endursölu (11% vsk) | 567.049 kr.          |
| 52990 Vörukaup önnur                   | 100.000 kr.          |
| <b>Þjónustukaup</b>                    |                      |
| 54685 Þjónusta verktaka önnur          | 2.879.550 kr.        |
| <b>Samtals:</b>                        | <b>2.334.510 kr.</b> |

Útlagður kostnaður Listasafnsins eða tap á rekstri kaffihússins er því rúmar 2.3 milljónir króna fyrir utan tapaðar leigutekjur fyrstu 8 mánuði ársins upp á 2.2 m.kr.

## - Tillögur til hagræðinga

- Þegar (og ef) það fæst nýr rekstraraðili að kaffihúsinu skal skoðað vel að í samningi verði rekstraraðila falið að sjá um að manna móttökuna fyrir Listasafnið. Yfir vetrartímann ætti að vera hægt að ná hagræðingu í starfsmannahaldi með því móti.
- Gefin verði meiri tími (vikur) á milli sýninga í hverju sýningarrými til að starfsmenn safnsins geti sinnt uppsetningu og niðurtöku á sýningum þannig að sem minnst þurfi að kaupa utanaðkomandi verktaka í þau verk.
- Skoðað verði hvort hægt sé að seinka opnun sýninga sem fyrirhugað er að opna í lok október og svo í byrjun desember.
- Hætt verði að veita áfengi endurgjaldslaust við opnanir.
- Hönnun boðskorta verði samræmd og ekki hönnuð sérstaklega fyrir hverja sýningu og hætt verði að senda út prentuð boðskort á opnanir sýninga heldur eingöngu sent út á netinu.
- Skoðað verði að vera með sýningarbækling eingöngu á rafrænu formi eða minnka og fækka verulega prentuðum eintökum.
- Sýningarrými er mjög mörg og spurning hvort endurskoða eigi það fyrirkomulag.
- Gera þarf átak í markaðsetningu á Listasafninu til að laða að fleiri gesti.
- Fara þarf vel yfir verkaskiptingu starfsmanna í tengslum við sýningarhald.
- Draga þarf úr yfirvinnu til að koma í veg fyrir að frítökuréttur safnist upp og gæta þess að frí á móti yfirvinnu sé tekin jafnóðum.
- Safnstjóri þarf að hafa mun meira samráð við deildarstjóra Akureyrarstofu og eftir atvikum sviðsstjóra og auka þarf stuðning við stjórnendur er varðar fjárhagsáætlunargerð.
- Sýningaáætlun 2020 verði strax tekin til endurskoðunar og sýningum fækkað.

## Lokaorð / niðurstaða:

- Það dylst engum að Listasafnið á Akureyri er hið glæsilegasta og vel hefur tekist til við endurhönnun þess. Eins og kom fram í upphafi var reynt eftir bestu getu að gera fjárhagsáætlun 2019 sem raunhæfasta út frá breyttum stærðarforsendum safnsins. Því miður tókst það ekki og fyrir því eru nokkrar ástæður sem hér að ofan hafa verið gerð skil. Endurskoðuð áætlun stjórnenda gerir ráð fyrir um 19 milljónum króna framúrkeyrslu af því gefnu að innri húsaleiga yrði lagfærð eða 16,5%. Það er allt of mikið. Það er ljóst að tekjuáætlun var of bjartsýn hvað varðar innkomu af aðgangseyri. Tekjur vegna leigu af rými fyrir kaffihús og gestavinnustofur skiluðu sér ekki. Rekstur hjá rekstraraðilum kaffihúss gekk ekki að óskum og að hálfu Listasafnsins var ekki innheimt samningsbundin leiga. Tap á rekstri kaffihússins þessa þrjá mánuði sem Listasafnið rak það í sumar er ekki til að laga ástandið.


Kostnaðaráætlun þeirra sýninga sem eftir eru á árinu hljóða upp á 4.2 milljónir kr.

Samandregið eru aðstæður framúrkeyrslu 2019 í stórum dráttum þessar:

- Tekjur skiluðu sér ekki og m.a. vegna þess að ekki hefur tekist að klára framkvæmdir til að koma húsnæði í leigu sbr. Ketilhúsið og gestavinnustofur.
- Tekjur af leigu rýmis fyrir kaffihús engar.
- Tap af rekstri kaffihúss yfir sumartímann.
- Verulegar vanáætlanir og/eða of mikill kostnaður í tengslum við sýningarhald.
- Skortur á yfirsýn stjórnenda á rekstri safnsins.

Listasafnið mun ekki með nokkru móti standast fjárhagsáætlun 2019. Spurningin verður aftur á móti sú hversu vel er hægt að bregðast við þá mánuði sem eftir lifa árs?

Akureyri 22.10.2019



Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri